

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Samherji fiskeldi ehf. Núpsmýri, Öxarfirði



Dags eftirlits	25.5.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Núpsmýri	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Thomas Helmig	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðís Smáradóttir	Staðsetning	609834,024 639750,616

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu, frágangi við olíubirgðir og hættuleg efni er ábótavant. Þrjár ábendingar voru gerðar: 1) Tryggja þarf að öll tilskilin gögn fylgi ársyfirliti og að upplýsingar í því séu settar fram á skýran hátt. 2) Áætla þarf með nákvæmari hætti magn þurrefnis í seyru sem fjarlægð er úr settjörn. 3) Huga þarf að umgengni á lóð og draga úr hættu á mengunaróhöppum. Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Samherja fiskeldis, Núpsmýri í Öxarfirði. Farið var í vettvangsheimsókn þann 25. maí sl. en rafrænn fundur var haldinn 26. maí sl. Fulltrúi rekstraraðila í vettvangsheimsókninni var Thomas Helmig en á fundinum voru fulltrúar rekstraraðila þau Heiðís Smáradóttir og Thomas Helmig.

Starfsleyfið tekur til ársframléiðslu á 3.000 tonnum af laxi og/eða bleikju. Hámark lífmassa á hverjum tíma er 3.000 tonn. Framleiðsla ársins 2022 var um 1.600 tonn og lífmassi í árslok var rúmlega 900 tonn.

Í stöðinni eru ker bæði utan- og innandyra. Sum kerin eru tengd tromlusíum en frárennsli frá elstu kerjunum og þeim sem eru innanhúss fer í settjörn. Framkvæmdir eru í gangi og er m.a. verið að steypa fimm 4000 m<sup>3</sup> ker sem verða tekin í notkun á næstu vikum.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi (m.a. losun næringarefna)
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
5. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
6. Kynning á nýrri gjaldskrá UST
7. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
8. Önnur mál
9. Skoðunarferð (farin 25. maí)

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Settjörn var losuð sumarið 2022 og voru alls 325 tonn fjarlægð úr henni. Talsverðar framkvæmdir eru í gangi, t.d. er að ljúka frágangi við fimm 4.000m<sup>3</sup> ker sem verða tekin í notkun á næstu vikum. Frárennsli kerjanna verður tengt tromlusíum. Varaafstöð er ekki tilbúin en búið er að steypa plötu undir olútank. Áætlanir rekstraraðila gera ráð fyrir að seyru frá tromlum verði safnað og hún nýtt í skógrækt á landi í hans eigu.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi (m.a. losun næringarefna)

Grænu bókhaldi og ársyfirliti var skilað á tilskildum tíma. Rekstraraðila er bent á að tryggja að öll tilskilin gögn (t.a.m. myndir af útrás og niðurstöður mælinga) fylgi ársyfirlitinu og að upplýsingar

(s.s. um allan úrgang sem verður til í stöðinni og um þjálfun og reynslu starfsfólks) séu settar fram á skýran hátt.

Losun fosfórs (að teknu tilliti til þess sem var fjarlæggt úr settjörnn) var innan þeirra marka sem sett eru í starfsleyfi. Rekstraraðila er bent á að áætla með nákvæmari hætti magn þurrefnis í þeirri seyru sem fjarlægð er úr settjörnninni.

Losun köfnunarefnis var innan marka starfsleyfis.

### 3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti, en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

### 4. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg

Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun. Olíusmit er sýnilegt við olúgeyma á lóðinni og því einhver mengun í jarðvegi.

### 5. Kynning á nýrri gjaldskrá UST

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

### 6. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

### 7. Önnur mál

Minnt var á að komið er að endurskoðun umhverfismarkmiða fyrir stöðina.

### 8. Skoðunarferð (farin 25. maí)

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Olíusmit er sýnilegt við olúgeyma á vegum rekstraraðila. Ganga þarf betur frá olúgeymum og huga að árekstravörnum við einn þeirra. Frágangur við geymi sem er á vegum verktaka er ófullnægjandi.

Geymsla efna er ekki fullnægjandi. Efni eru geymd í eituefnaskáp sem er ekki rétt upp settur.

Vegna framkvæmda á lóð er umgengni um hana ekki eins og æskilegt væri. Þó er ekki ástæða til að gera athugasemdir (aðrar en við frágang við olúgeyma) en rekstraraðila bent á að sjá áfram til þess að verktakar, og aðrir sem vinna á lóðinni, hugi að umgengni og dragi eins og mögulegt er úr hættu á mengunaróhöppum.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

gr. 3.10 í starfsleyfi

Olíusmit er sýnilegt í jarðvegi við olúgeyma. Árekstravarnir vantar við geyma. Frágangi við efnaskáp er ábótavant, en engin virk lekavörn er á honum.



## ÁBENDINGAR

- 1) Tryggja þarf að öll tilskilin gögn (t.a.m. myndir af útrás og niðurstöður mælinga) fylgi ársyfirlitinu og að upplýsingar (s.s. um allan úrgang sem verður til í stöðinni og um þjálfun og reynslu starfsfólks) séu settar fram á skýran hátt.
- 2) Til að unnt sé að draga það magn fosfórs sem fjarlæggt er með seyru úr settjörn, frá heildar losun stöðvarinnar, þarf að áætla með nákvæmari hætti en hingað til, þurrefnisinnihald seyrunnar,
- 3) Rekstraraðili er hvattur til að sjá áfram til þess að verktakar og aðrir sem vinna á lóðinni hugi að umgengni á lóðinni og dragi eins og mögulegt er úr hættu á mengunaróhöppum.


## ANNAÐ

Minnt er á að komið er að endurskoðun umhverfismarkmiða fyrir stöðina.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.08.2023



Freyr A. Evarsson

